

## Greiðsla skólagjalda eldri nemenda 2017-2018

Kröfur um greiðslu skólagjalda birtast í heimabanka greiðanda. Sem liður í grænum skrefum hefur skólinn ákveðið að hætta útsendingu greiðsluseðla á pappír til nemenda skólans og því birtast kröfur eingöngu í heimabanka greiðanda. Ekki er hægt að millifæra beint á reikning skólans.

Skjal þetta var sent í tölvupósti til allra nemenda og einnig til forráðamanna þeirra nemenda sem eru yngri en 18 ára. Einnig sett á heimasíðu skólans.

Nemandi staðfestir skólavist með því að greiða skólagjöldin.

### Vinsamlegast kynnið ykkur regluna hér að neðan hver fær kröfuna og hvers vegna:

1. Nemandi 18 ára og eldri:
  - a. Fær kröfu sjálfkrafa í sinn heimabanka.
2. Nemandi undir 18 ára aldri:
  - a. Elsti forráðamaður með sama fjölskyldunúmeri skv. Þjóðskrá fær kröfuna sjálfkrafa í sinn heimabanka (athuga að það getur verið stjúpforeldri).
3. Nemandi/forráðamaður getur stýrt því í Innu hver fær kröfuna og farið þar með fram hjá hinu almennu reglu sbr. lið 1 og 2 hér að ofan.
  - Breyta greiðslustýringu: Inna- nemandi – greiðslustillingar
    - o Hægt að velja í felliglugga (foreldri eða forsjáraðili)
    - o Kröfur á eldri nemendur verða stofnaðar 23.6.2017
    - o Ekki er hægt að breyta greiðanda eftir að krafa hefur verið stofnuð.
4. Ef skuldari kröfu er ekki með heimabanka:
  - Landsbankinn í Borgartúni (banki 0111) sér um innheimtu kröfunnar. Vinsamlegast hafið samband við þjónustuver Landsbankans.
    - o Eigandi kröfunnar: Menntaskólinn við Sund, kt. 700670-0589
    - o Nemandi 18 ára og eldri:
      - Gefa upp kennitölu nemanda
    - o Nemandi undir 18 ára:
      - Gefa upp kennitölu elsta forráðamanns með sama fjölskyldunúmeri skv. skráningu í Þjóðskrá

### Sundurliðun skólagjalda 2017-2018

- |   |                  |
|---|------------------|
| a. Innritunargjald  | kr. 12.000       |
| b. Efnis-, pappírs- og prentgjald   | kr. 15.000       |
| c. Skólafélagsgjald til SMS (valfrjálst)  | <u>kr. 9.000</u> |
| Heildarfjárhæð kröfu:   | kr. 36.000       |
| o Kjósi nemandi að vera utan SMS sendist skeyti á <a href="mailto:svaval@msund.is">svaval@msund.is</a> fyrir 30.6.2017. Fjárhæð útsendrar kröfu í heimabanka lækkar þá um 9.000 kr. |                  |

Með greiðslu skólagjalda gengst nemandi undir skólareglur sem finna má á heimasíðu skólans. Eftir eindaga bætist við vanskilagjald kr. 750.

16.6.2017

Svava Loftsdóttir, fjármálastjóri MS.